



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2017

## ENSK2ER05

Enska í  
raunveruleikanum

<b>Kennari:</b>	<b>Kristjana Hrund Bárðard og Ingunn Helgadóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>KHB IH</b>
-----------------	--	---------------	-------------------

### Áfangalýsing:

Nemendur fá að upplifa ensku í raunveruleikanum, hvernig á að fylla út umsóknir, sækja um vinnu, allt sem tengist því að ferðast til enskumælandi lands og fleira. Unnið verður með evrópsku tungumálamöppuna til hliðsjónar

### Undanfari:

ENSK2HC05

### Þekkingarviðmið:

Nemendur skulu þekkja og skilja:

- menningu í enskumælandi landi
- orðaforða sem tengist daglegu lífi í enskumælandi landi
- ýmiskonar umsóknarferlum
- evrópsku tungumálamöppunni

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hværrar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni,
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt,
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- lesa á milli línanna,

- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður,
- taka þátt í skoðanaskiptum
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum,
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi,
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

### **Námsefni:**

Tekið saman af kennara og nemendum.

### **Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Nemendur búa sér til sína eigin áætlun með aðstoð kennara.

### **Sérreglur áfangans:**

Ætlast er til af kennara að nemendur fylgist með kennsluáætlun og tilkynningum á Moodle. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til.

### **Námsmat:**

Áfanginn er lokaprófslaus. Notast verður við jafningjamat, leiðsagnarmat og sjálfsmat, ásamt gátlista evrópsku tungumálamöppunnar.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**17. ágúst 2017 – Kristjana Hrund Bárðardóttir og Ingunn Helgadóttir**